



## **58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga**

**Reykjavík 19. og 20. október 2012**

**Þingskjöl**



## Þingskjal nr. 1 varð að breytingatillögu nr. 1a

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Landsmótsnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, felur stjórn LH að skipa nefnd til að endurskoða rekstrarform Landsmóts hestamanna ehf. í samstarfi við Bændasamtök Íslands, til að tryggja rekstargrundvöll mótanna til framtíðar. Þá verði tilgangur og markmið mótanna skilgreindur. Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en á formannafundi LH 2013.

### **Greinargerð:**

Góður árangur hefur náðst við að byggja upp umgjörð og halda utan um landsmótin frá því að Landsmót hestamanna ehf, var stofnað. Hins vegar eru rekstrarlegar forsendur mótanna veikar og má lítið út af bera svo illa fari. Þá virðast rekstrarforsendur þeirra svæða sem byggð hafa verið upp til landsmótahalds ekki góðar þar sem þessi svæði virðast í stöðugum rekstrarörðugleikum þrátt fyrir að hafa fengið mikið fjármagn til uppbyggingar, fyrst frá mótunum sjálfum og síðar frá ríki og sveitarfélögum.

Einnig þarf að endurskoða tilgang og markmið landsmótanna og ræða hvort þau eru nýtt rétt til að útbreiða hestaþróttina.



## Þingskjal nr. 2

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til stjórnar LH að hún láti kanna forsendur til að gefa út 70 ára sögu LH.

### **Greinargerð:**

Stjórn LH hóf vinnu við að láta rita 60 ára sögu LH sem átti að koma út 2010 en féll frá því þar sem hún taldi ekki fjárhagslegar forsendur til þess í kjölfar efnahagsörðugleika sem urðu hér á landi. Í staðinn var saga landsmótanna sögð með sýningu á LM 2011 og í Hljómskálagarðinum í Reykjavík.



## **Þingskjal nr. 3 varð að breytingartillögu 3a**

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til mennta- og menningarmálaráðherra að skipuð verði nefnd hagsmunaaðila hestamennskunnar sem búi til samræmda námsskrá fyrir íslenska hestinn, allt frá æskulýðsstarfi hestamannafélaganna og upp í gegnum skólakerfið.

### **Greinargerð:**

Ekki verður lengur búið við það að ekki sé til heilstæð menntastefna og samræmd námsskrá í kringum íslenska hestinn þar sem skilgreint er hvað skuli kennt frá æskulýðsstarfi hestamannafélaganna og upp í gegnum grunn-, framhalds- og háskóla hér á landi og búa þannig til samfellu í námi í hestamennsku. Hesturinn er tengdur sögu og menningu íslensku þjóðarinnar og skiptir um leið fjölda manns miklu máli sem félagi, vinur og frístunda- og keppnishestur sem fjöldi fólks hefur atvinnu af.



## Þingskjal nr. 4 varð að breytingatillögu 4a

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til mennta og menningarmálaráðherra að beita sér fyrir því í samstarfi við atvinnu- og nýsköpunarráðherra að skipuð verði nefnd í samráði við LH og aðra hagsmunaaðila í hestamennsku sem endurskoði stjórnarsýsluna í kringum íslenska hestinn með það að markmiði að gera hana einfaldari og skilvirkari.

### **Greinargerð:**

Gerðar hafa verið nokkrar úttektir og skýrslur af LH og ráðuneytum um stuðning ríkis, stjórnarsýslu og félagskerfisins í kringum hestinn þar sem fram hefur komið m.a. hversu miklu fjármagni er eytt í ýmsa þætti sem tengjast hestinum. Stjórn LH telur að stjórnarsýslan sé flókin og einfalda þurfi boðleiðir.



## Þingskjal nr. 5

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, mælist til þess við MAST að skipuð verði nefnd allra hagsmunaaðila hestamennskunnar sem skoði öll lög og reglugerðir sem snúa að sóttvörnum í kringum íslenska hestinn með það að leiðarljósi að einfalda þær og skýra. Einnig verði þau viðurlög sem eru við að brjóta þessar reglur endurskoðuð.

### Greinargerð:

Komið hefur ítrekað í ljós að lög og reglur í kringum sóttvarnir eru ekki virtar nægilega vel. Hagsmunasamtök hestamennskunnar hafa ásamt MAST reynt að auðvelda hestafólki aðgengi að sóttthreinsun við komu til landsins í gegnum Keflavíkurflugvöll. Í ljós hefur komið að ýmsu er ábótavant í þessum efnum. Því hvetur landsþing LH MAST til að fara yfir alla þætti þessara mála svo standa megi sem best vörð um hestinn hér á landi og það öfluga starf sem honum tengist.



## Þingskjal nr. 6

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, hvetur stjórn LH til að vinna að því að endurskipuleggja mótahald t.d. með því að setja á fót mótaraðir bæði að vetri og sumri til á vegum hestamannafélaganna og reyna þannig að einfalda og auðvelda mótahald á vegum félaganna.

### **Greinargerð:**

Mikið framboð af mótum hefur orðið til þess að erfitt er fyrir félög að fjármagna lögleg mót fyrir sína félagsmenn. Þá reynist einnig stöðugt erfiðara að fá fólk til að vinna við mótahald í sjálfboðavinnu hjá félögunum. Því er tímabært að endurskoða allt mótahald og umgjörð þess.



## Þingskjal nr. 7 varð að breytingatillögu 7a

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Kynbótanefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, skorar á stjórn LH að hún láti hefja vinnu við að útbúa matskerfi þar sem þeir sem hyggjast selja hesta á almennum markaði geti fengið mat á eðli þeirra og tamningarstigi.

Einnig mælir nefndin með að komið verði á reiðnámskeiðum í auknum mæli fyrir fullorðna þar sem markmiðið sé að meta stöðu knapa með tilliti til mismunandi hestgerða .

### **Greinargerð:**

Svona kerfi, ef hægt er að koma því á, er mikið öryggisatriði fyrir þá sem eru að leita sér að hesti til kaups eða eru að byrja í hestamennsku og skiptir því miklu máli í útbreiðslu- og kynningarstarfi hestaíþróttarinnar.





## Þingskjal nr. 8

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til stjórnar LH að hún láti útbúa auðvelt kerfi til að geta sannreynt að rétt skráður hestur sé í keppni á hverjum tíma með því að lesið sé af örmerkjum allra hesta sem taka þátt í löglegum mótum hér á landi.

### **Greinargerð:**

Nú þegar árangur keppnishesta er skráður í Worldfeng er mikilvægt að sannreynt sé að réttur hestur sé í dómi.



## Þingskjal nr. 9

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Ferða – og samgöngunefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, hvetur innanríkisráðherra til að tryggja réttarstöðu hestamanna á reiðvegum landsins.

### **Greinargerð:**

Sú áráttá að veikja stöðugt réttarstöðu hestamanna en efla að sama skapi stöðu vélknúinna ökutækja á reiðvegum landsins er óþolandi og eykur stórlega hættu á slysum í hestamennsku.



## Þingskjal nr. 10 varð að breytingatillögu 10a

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október, beinir því til umhverfisráðherra að þar sem stöðugt er þrengt að umferð hesta, verði umferð þeirra tryggð innan þjóðgarða og friðlýstra svæða á Íslandi.

### **Greinargerð:**

Hesturinn er partur af byggða- og stjórnsýslusögu Íslands og hefur því farið um landið þar sem maðurinn hefur farið um landið. Því er sú árátt að skilgreina hestaumferð með annarri umferð vélknúinna farartækja með öllu ólíðandi.



## Þingskjal nr. 11 varð að breytingatillögu 11a

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

Lagt er til að allir sem vilja og telja sig tilbúna til megi taka þátt í meistaraflokki. Grein 4.2 um styrkleikaskiptingu opins flokks.

Grein 4.2. , þriðja málsgrein: Meistaraflokkur: Í Meistaraflokki skulu notaðar hringvallargreinar þar sem keppendur eru einir inn á vellinum í einu; T1, T2, V1 og F1. **Lágmörk í meistaraflokk falla niður.**

### Greinargerð:

Í keppnisnefnd hefur farið fram mikil umræða um flokkaskiptingu og styrkleikaflokka. Það er vilji keppnisnefndar að sem flestir finni sér vettvang við hæfi. Og hún vill efla metnað keppnisfólks til að keppa við aðra keppendur á svipuðu getustigi.

Í þeim tilgangi vill keppnisnefnd leggja til opnun Meistaraflokks þannig að knapar sem treysta sér til geti tekið þátt í þeim flokki, án viðkomu í opnum flokki. Til dæmis þegar reyndur knapi kaupr hest sem áður hefur náð góðum árangri hjá öðrum knapa, þurfi hann ekki að mæta í opinn flokk til að ná ákveðinni einkunn.

Ennfremur hvetur keppnisnefnd knapa til að sýna metnað í vali sínum á viðeigandi flokkum fyrir sig og sín hross.



## Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

Lagt er til að í stað þess að bæta við þriðja flokki fyrir neðan annan flokk, verði í frekari mæli boðið upp á léttari keppnisgreinar fyrir minna reynda knapa.

Grein 4.2. Styrkleikaskipting opins flokks:

2. flokkur: Hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk. Í þessum flokki skulu notaðar keppnisgreinar þar sem fleiri en einn knapi eru inni á vellinum í einu.

### Greinargerð:

Í keppnisnefnd hefur farið fram mikil umræða um flokkaskiptingu og styrkleikaflokka. Það er vilji keppnisnefndar að sem flestir finni sér vettvang við hæfi. Og hún vill efla metnað keppnisfólks til að keppa við aðra keppendur á svipuðu getustigi.

Í þeim tilgangi vill keppnisnefnd leggja á það áherslu að í öðrum flokki verði boðið upp á hefðbundnar keppnisgreinar þar sem fleiri en einn eru inni á vellinum í einu (T3, T4, V2, F2) en einnig og jafnvel samhliða upp á léttari greinar eins og t.d. T7 (töltkeppni þar sem tölt er sýnt hægt og á frjálsum hraða) og V5 (fjórangur þar sem tölt er sýnt á frjálsum hraða, annað eins).

Keppnisnefnd mun yfirfara reglur eftir þing og setja skýrar upp keppnisgreinar en uppsetning á þeim í íslenska reglupakkanum mætti vera skýrari. Í næstu útgáfu reglna 2013-1 sem út kemur eftir FEIF þing í febrúar á næsta ári verður þetta skýrar upp sett og verður þá sérstaklega kynnt fyrir keppnistímabilið 2013.



## Þingskjal nr. 13a

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

Keppnisnefnd vill hnykkja á því hvernig keppni skuli framkvæmd og lokið með eftirfarandi lagabreytingu:

Grein 7.4.3. Framkvæmd keppni:

Í stað þriðju málsgreinar kemur:

*Keppanda er frjálst að sýna gangtegundir í þeirri röð sem hann kýs. Hann ræður upp á hvora höndina hann hefur keppni og má skipta einu sinni um hönd í sýningu, þá á skammhlið. Keppandi hefur 3 hringi til umráða, þ.e. 6 langhliðar. Í A flokki er heimilt að nota beinu brautina einu sinni, í stað einnar langhliðar á hringvelli. Endi knapi sýningu á beinni braut, skal hann eftir 2,5 hring, enda hringvallarsýninguna á skammhlið og ríða svo ferjuleið út á enda beinu brautarinnar. Noti sýnandi beina braut áður en hann hefur lokið 2,5 hringjum á hringvelli, fer hann af miðri skammhlið, ferjuleið á enda beinnar brautar. Eftir að hafa farið beinu brautina ber honum að ríða inn á hringvöllinn ferjuleið á næstu skammhlið og ljúka svo sýningu á skammhlið. Endi keppandi sýningu á beinni braut, endar hann sýninguna við enda beinu brautarinnar.*

### Greinargerð:

Nokkuð hefur borið á misskilningi og mistúlkun á því hvernig skuli ljúka keppni í gæðingakeppni, sérstaklega á svokölluðum Þ-völlum (hringvellir þar sem langhlið hringvallar er hluti skeiðbrautar). Nauðsynlegt er því að hnykkja á reglum um þetta. Þ-vellir eru heldur á undanhaldi á landinu enda oft erfitt að setja upp góðar sýningar, stökksýningar til dæmis á opinni braut þar sem beygja þarf inn í hringvöll enda ekki auðveldar og stundum allt að því hættulegar.



## Þingskjal nr. 14 varð að breytingatillögu 14a

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

Keppnisnefnd leggur til að á Lands- og fjórðungsmótum megi skipta um knapa á skeiðhestum.

Grein 6.4. Keppnisgreinar Lands- og fjórðungsmóta:

Viðbót: Í kappreiðum sé það árangur hests sem ráði því hvort hann hafi keppnisrétt á landsmóti eða fjórðungsmóti.

### Greinargerð:

Hefð er fyrir því í kappreiðum á Íslandi að skipta megi um knapa, það sé hesturinn sem keppir. Við upptöku FIPO á Íslandi varð þarna breyting á. Í FIPO er það ávallt parið sem keppir og knapaskipti því ekki leyfileg. Á Landsmótum er keppt í gæðingakeppni þar sem hesturinn keppir og skipta má um knapa og telur Keppnisnefnd að það sé vilji til að halda í þessa hefð á Landsmótum með kappreiðarnar, þ.e. að skipta megi um knapa í kappreiðum, eins og í gæðingakeppninni.



## **Þingskjal nr. 15 varð að breytingatillögu 15a**

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### **Tillaga:**

Keppnisnefnd leggur til að hestur og knapi skulu dæmdir úr leik, taki þeir baug eða snúi við, eftir að hafa verið kallaðir upp til keppni í 100 m skeiði og/eða gæðingaskeiði og hafi hafið aðreið að rásmarki.

Grein 8.7.9.1 (100 m skeið) og Grein 8.7.8.3 (Gæðingaskeið) Ræsing.

„Íslensk sérregla“: Eftir að hestur hefur verið kallaður upp og hefur hafið aðreið að rásmarki er honum óheimilt að taka baug eða snúa við. Skal hann þá dæmdur úr leik.

### **Greinargerð:**

Einstaka sinnum hefur það hent að misheppnist aðreið knapa að rásmarki í gæðingaskeiði og 100 m skeiði að knapar hafa tekið bauga eða jafnvel snúið við, riðið í burtu og svo komið aftur fram brautina. Oft sjást við þessar aðfarir taumtök sem ekki eru til fyrirmyndar. Ekki hefur verið bein lagaheimild til að dæma þessa keppendur úr leik en keppnisnefnd telur að það eigi óhikað að gera og festa þetta í reglur.





## Þingskjal nr. 16 varð að breytingatillögu 16a

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

Lagt er til að neðri aldursmörk barnaflokks verði fest við 10 ár, þ.e. yngri börn en 10 ára á almanaksárinu megi ekki taka þátt í barnaflokki.

Grein 7.7.1, keppendur í yngri flokkum, önnur málsgrein hljómi svo: Aldur keppenda miðast við almanaksárið þannig að í barnaflokki eru þeir sem eru **10-13 ára á árinu**, í unglingsflokki þeir sem eru 14-17 ára á árinu o.s.frv. Samsvarandi breyting verði gerð í íþróttagreinum, þ.e. á grein 4.1.

### Greinargerð:

Keppnisnefnd ræddi ýtarlega tillögur um að breyta barnaflokki og ræddi þar ýmsar útfærslur. Ennfremur gerði hún óformlega könnun á meðal keppenda í barnaflokki sem og foreldra þeirra. Hjá keppendum kom fram eindreginn vilji við að halda barnaflokknum eins og hann er. Foreldrar voru blendnari í skoðunum sínum.

Það er skoðun keppnisnefndar að reiðmennska á stökki hafi oft verið á ystu nöf undanfarið en vill frekar leggja áherslu á, bæði við keppendur og dómara að réttri útfærslu á stökkinu verði hygt, þ.e. skipt sé mjúklega á hægt stökk á skammhlið, gerð sé greinileg hraðaaukning á langhlið og að hægt sé mjúklega niður, EKKI sé beðið um kappreiðastökk.

Keppnisnefnd leggur ennfremur áherslu á að ábyrgð foreldra er hér einnig mikil að setja börn sín á hross sem þau ráði vel við. Ennfremur að aldursmörk barnaflokks séu fastsett neðanfrá til að koma í veg fyrir að of ung börn séu að ríða verkefni sem þau ráði varla við.



## **Þingskjal nr. 17 varð að breytingatillögu 17a**

Flytjandi: Keppnisnefnd LH  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### **Tillaga:**

Lagt er til að allar afskráningar og hestabreytingar skuli koma fram klukkustund fyrir upphaf forkeppni.

Grein 8.3.7, Rásröð:

Viðbót: Afskráningar úr forkeppni skulu berast amk klukkustund fyrir upphaf forkeppni, nema um augljós förföll vegna helti eða annarra óhappa sé að ræða.

### **Greinargerð:**

Sjálfsgagt er að sýna keppendum og mótshöldurum þá virðingu að afskrá klukkustund áður en greinin hefst en ákvæði um þetta hefur ekki verið til staðar í FIPO.

Því vantar í íslensku reglurnar lagastoð um þetta mál. Erlendis er óheimilt að skipta um hest en þar er aftur heimilt að skrá nýjan hest til leiks, þar til klukkustund fyrir keppni, þá oftast gegn greiðslu tvöfalds skráningargjalds. Vekja þarf athygli á þessu á Íslandi.



## Þingskjal nr. 18 varð að breytingatillögu 18a

Flytjandi: Hestamannafélagið Glaður  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli 6 um undirbúning og framkvæmd Landsmóta. Í grein 5 bætist skáletraði kafllinn aftan við:

### 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni. Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.

*Félag sem stendur fyrir úrtökumóti eins og hér er lýst, eitt sér eða í samstarfi með öðrum félögum, getur heimilað að hestar/keppendur sem þátt taka á öðru úrtökumóti, innan tilskilins tímafrests, komi til greina við val inn á Landsmót fyrir félagið. Félagið ákveður þá um leið og auglýsir þann tímafrest sem um ræðir en fresturinn þarf að vera skemmri en sá frestur sem félögin hafa til að skrá keppendur sína á Landsmót. Einkunnir verða að vera komnar inn í SportFeng til að taka megi þær gildar.*

### Greinargerð:

Snemmsumars á landsmótsári, þegar hestamannafélögin halda úrtökumót sín, er einnig mikið um kynbótasýningar sem m.a. snúast um að velja kynbótahross inn á Landsmót. Það eru því miklar annir hjá mörgum knöpum á þessu tímabili. Mörg keppnishross eru í þjálfun víðs fjarri heimahögum og fjarri úrtökumóti sem haldið er af félagi eigandans. Í sumum tilfellum getur því verið erfitt um vik að flytja hrossin langar leiðir til að taka þátt í úrtökumóti á sama tíma og knapinn þarf að sýna önnur hross á kynbótasýningu allt annarstaðar. Hér er því lagt til að ekki sé skylt að hross sem stefnt er með í gæðingakeppnina á Landsmóti séu sýnd á úrtökumóti viðkomandi félags heldur komi einnig til greina að þau taki þátt í gæðingakeppni annarstaðar, hvort sem um úrtökumót er að ræða eða ekki.

Hér er ekki verið að leggja til breytingu á því fyrirkomulagi að hvert félag eigi rétt á að senda á Landsmót ákveðinn fjölda hrossa eftir stærð félagsins. Ekki er heldur ætlast til að félög komi sér hjá því að halda úrtökumót enda gæti það bitnað á öðrum keppendum. Þessi tillaga snýst í raun um að auðvelda það ferli að finna bestu hrossin innan hvers félags til að fara í gæðingakeppnina á Landsmóti.



## Þingskjal nr. 19 varð að breytingatillögu 19a

Flytjandi: Hestamannafélagið Máni  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Kafli 8 um keppni í hringvallagreinum. Í grein 8.4.8 bætist skáletraði kafliinn við:

### 8.4.8 Dregið til baka úr keppni

Á mótum þar sem lið keppa skulu liðsstjórar tilkynna hvort knapar og hestar séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku í úrslitum, að minnsta kosti einni klukkustund áður en fyrstu úrslit í viðkomandi grein hefjast. Á mótum þar sem ekki keppa lið er gengið út frá því að knapi og hestur séu heilbrigðir og tilbúnir til þátttöku nema annað sé tilkynnt sérstaklega, **í síðasta lagi einni klukkustund eftir að forkeppni viðkomandi greinar lýkur (íslensk sérregla)**. Eftir þau tímamörk er einungis unnt að draga sig til baka úr úrslitum liggja fyrir staðfesting dýralæknis eða læknis á veikindum eða helti hestsins eða knapa þegar við á, að öðrum kosti er parið dæmt úr leik. **Geti hestur sannanlega ekki mætt í úrslit, að mati yfirdómara, gildir árangur úr forkeppni (íslensk sérregla)**.

Ef hestur af einhverjum ástæðum mætir ekki í úrslit eða er dæmdur úr leik og heildartala hesta í úrslitum fer niður fyrir 10 (eða 5 ef ekki eru B-úrslit) kemur næsti hestur, sem vill þiggja sætið, úr forkeppni inn í stað hans. Ef í næsta sæti eru fleiri en einn hestur jafnir, koma þeir allir inn í úrslitinn.

Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit, A eða B úrslit, skal hann ákveða á hvorum/hvaða hesti/num hann hefur keppni í úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum. Ef einn eða tveir eru jafnir í næsta sæti skulu þeir allir komast í þau úrslit.

*Mæti knapi og hestur ekki til úrslita fellur árangur þeirra úr forkeppni niður.*

### Greinargerð:

Færst hefur allmikið í vöxt á undanförunum árum að knapar mæti ekki til úrslita og er oftast en ekki um þá knapa að ræða sem í efstu sætum standa. Ekki er að okkar mati gott fyrir hestaíþróttir almennt að byggja upp áhorf á þær ef áhorfendur geta ekki treyst því að fá að sjá bestu hestana og knapana etja kappi í úrslitum móta. Einnig valda þessi rúmu tímamörk sem knapar hafa til að ákveða sig hvort mæta eigi til úrslita vandræðum fyrir mótshaldara að manna úrslit ef afskráningar eru margar. Keppendum í forkeppnum eru jafnvel farnir af svæðinu og eiga erfitt með að mæta með svo stuttum fyrirvara.



## Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Hestamannafélagið Máni  
Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Lagt er til að framkvæmd barnaflokks í gæðingakeppnum verði breytt þannig að barnaflokkur ríði sama verkefni og unglingsflokkur.

### Greinargerð:

Oft hefur hurð skolið nærri hælum í framkvæmd barnaflokks í gæðingakeppnum undanfarinna ára og nú er mál að linni. Börnin ríða nákvæmlega sama verkefni og unglingsflokkurinn í íþróttakeppninni og geta vel ríðið sama verkefni og unglingsflokkurinn í gæðingakeppninni.



## **Þingskjal nr. 21**

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### **Tillaga:**

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, vill beina þeim tilmælum til mótshaldara að bjóða upp á fleiri og léttari styrkleikaflokka á mótum sínum.

### **Greinargerð:**

Það er ljóst að aukin þátttaka í keppnum hefur sprengt núverandi kerfi þar sem yfirleitt er boðið upp á einn eða tvo styrkleikaflokka á mótum. Mikilvægt er að bjóða upp á fleiri og þá léttari styrkleikaflokka svo að sem flestir geti keppt á jafnréttisgrundvelli. Þetta mun auka áhuga hestamanna á að keppa og skila sér smá saman upp á við í keppnisflokkunum.



## Þingskjal nr. 22

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, vill beina þeim tilmælum til dómara í gæðingakeppnum að þeir fari eftir leiðaranum í gæðingadómum sínum varðandi dóma á stökki.

Í leiðara er ekki beðið um kappreiðarstökk heldur stendur m.a. við fullkomna sýningu á stökki: *„Hesturinn stekkur takthreint með fullu samræmi í hreyfingum, í góðu jafnvægi, stekkur af snerpu og mýkt. Tekur stökkið mjúklega á skammhlið, sýnir hægt stökk svifmikið og lyftir sér hátt frá jörðu, síðan góða hraða aukningu á langhlið, hægir ferðina án stífnis og átaka. Hesturinn stekkur með framtaks miklum hreyfingum og fasi í góðu taumsambandi og er sáttur.“*

**Greinargerð:** Þar sem tilheniging virðist vera til að gefa hátt fyrir mikla ferð á stökki (kappreiðarstökk) í gæðingakeppni hefur hraðinn á stökki í gæðingakeppni aukist og eykur það hættuna á slysum, sérstaklega í barnaflokki.



## Pingskjal nr. 23

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir áskorun til „Sportnefndar FEIF“ að endurskoða þær breytingar sem gerðar voru á lögum varðandi þverhalla í beygjum hringvalla árið 2012.

### Greinargerð:

Gerðar hafa verið breytingar á reglum FIPO varðandi þverhalla í beygjum hringvalla á þá leið að nú er aðeins leyfður 1,5% halli í beygjum sem og beinum brautum. Áður var leyfður þverhalli 3,75% á beinum brautum og 7,5% í beygjum.

Hringvellir sem hafa verið gerðir hér á landi undanfarin ár hafa undantekningalítið verið með þverhalla í beygjum um það bil 5-8%.

Þetta hefur í för með sér að hættan á að hestar renni til í beygjum stóreykst.

### Svona lítur greinin í FIPO út í dag:

#### 5.1 Oval track

*The track should be even and firm, 250.00 m long with an outer circumference of 271.69 m and an inner circumference of 246.56 m, and a width of 4.00 m, following the drawings included. The radius of the inner side of the curves should be 13 m, the the drawings included. The radius of the inner side of the curves should be 13 m, the radius of the outer side of the curves 17 m. The length of the long sides (between the curves) should be 70.44 m, the short sides (between the curves) should be 12.00 m.*

*The fencing should be low and not disturbing horses or judges. Tracks with a length of 200 m to 250 m are allowed. Their measures are equal to that of a 250 m track, except for the long sides (between the curves) that are 45.44 m for a 200 m track. Refer to the drawings for other measures. **A slight gradient up to 1.5% towards the inner side of the track is allowed for transport of water.** The start and end of the long sides have to be properly marked.*

### Svona leit greinin í FIPO út áður en henni var breytt á þessu ári.

#### 5.1 Oval track

*The track should be even and firm, 250.00 m long with an outer circumference of 271.69 m and an inner circumference of 246.56 m, and a width of 4.00 m, following the drawings included. **The gradient towards the inner side on the straight parts (longsides and short sides, between the curves) should be 3.75%, the gradient toward the inner side in the curves should be 7.5%.** The radius of the inner side of the curves should be 13 m, the radius of the outer side of the curves 17 m. The length of the long sides (between the curves) should be 70.44 m, the short sides (between the curves) should be 12. The fencing should be low, and not disturbing horses nor judges. Tracks with a length of 200 m to 250 m are allowed. Their measures are equal to that of a 250 m track, except for the long sides (between the curves) that are 45.44 m for a 200 m track. Refer to the drawings for other measures.*





## Þingskjal nr. 24 varð að breytingatillögu 24a

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Ferða- og umhverfisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október, skorar á Landssamband hestamannafélaga að stuðla að og efla til mikilla muna bæði viðhald og lagningu reiðvega í þéttbýli sem og dreifbýli. Kappkosta þannig að viðhalda aldagamalli hefð og þar með sérstöðu Íslands þar sem hægt er að fara um ríðandi og hesturinn er velkominn hluti af þjóðinni.

### Greinargerð:

Nú er þjarmað að bæði nýjum og fornum reiðleiðum víða á landinu með nýju skipulagi. Í skipulagningu þéttbýlis er sífellt gert frekar ráð fyrir hjólastígum og gangstígum, sem vissulega ber að fagna. Oftar en ekki gleymast reiðstígar á skipulagi eða það er gert ráð fyrir reiðstígum of nærri hjólreiðastígum eða annarri umferð, eins og t.d. á deiliskipulagi fyrir Heiðmörk. Hestamenn verða að leggja meiri metnað í að standa vörð um að áfram sé gert ráð fyrir mörgum góðum reiðleiðum og öruggum reiðleiðum á útivistarsvæðum okkar í þéttbýli. Þannig stuðlum við enn frekar að sérstöðu Íslands sem lands hestamennskunnar.



## Þingskjal nr. 25

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Landsmótsnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að ákvarðanir um landsmótsstaði verði teknar sem fyrst eða a.m.k. 5 árum áður en landsmót verða haldin eins og kveðið er á um í lögum LH.

### Greinargerð:

Mikilvægt er fyrir þá staði sem bjóða fram svæðin sín til landsmótshalds hafi nægan tíma til undirbúnings, fjármögnunar og framkvæmda á sínu svæði. Það kemur öllum til góða að geta dreift framkvæmdum og fjármagni á lengri tíma svo svæðin verði eins vel í stakk búinn til að taka á móti landsmótum og hægt er.



## Þingskjal nr. 26 varð að breytingatillögu 26a

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Kynbótanefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til Fagraðs í hrossarækt að við niðurröðun kynbótasýninga sé tekið tillit til að sem styst sé fyrir sem flesta áætlaða sýnendur á sýningarstað.

Ef óskir koma fram um miðsumarssýningar þá verði þeim sinnt eftir föngum.

### Greinargerð:

Mikilvægt er að bjóða hrossaræktendum og tamningamönnum upp á að geta haft sem stysta vegalengd á sýningarstað og fleiri sýningartíma þannig að tími og kostnaður hrossaræktenda/eiganda nýtist sem best.



## Þingskjal nr. 27

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Ferða- og samgöngunefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að tryggja aðgengi hestamanna að Skógarhólum til framtíðar.

### Greinargerð:

Skógarhólar eru samofnir menningu hestamennsku í landinu og mikilvægur áningastaður hestamanna, hvort sem menn eru að ríða á milli landshluta eða sér til ánægju í og við þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þess vegna er mikilvægt að tryggja aðgengi og festa í sessi “yfirráðarétt” hestamanna yfir Skógarhólum.



## Þingskjal nr. 28

Flytjandi: Hestamannafélagið Fákur  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að fara eftir samþykktum landsþings.

### Greinargerð:

Borið hefur á því að ekki er farið eftir samþykktum landsþings s.s. varðandi þingsályktunartillögu um skilafrest tillagna sem var samþykkt á landsþinginu á Kirkjubæjarklaustri 2008, þar sem samþykkt var að fastanefndir og stjórn Landssambandsins skili af sér tillögum áður en hestamannafélagin sendi inn tillögur sínar.

### **„Afgreiðsla þingskjals 5a á Kirkjubæjarklaustri 2008 sem var samþykkt**

#### **Tillaga:**

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 samþykkir að beina því til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að **fastanefndir og stjórn LH skili af sér tillögum þremur vikum áður en tillögufrestur hestamannafélaganna rennur út.**

#### **Greinargerð:**

*Það myndi auðvelda alla undirbúningsvinnu í hestamannafélagunum ef þingfulltrúar fengju að sjá þær tillögur sem nefndir LH ætla að leggja fram á landsþinginu. Oft er verið að velta fyrir sér eða fjalla um sömu málefni og gott að vita fyrir fram hvaða tillögur nefndir LH ætla að leggja fram - eða ekki leggja fram. Þannig gætu þingfulltrúar undirbúið sig betur og öll undirbúningsvinna verið markvissari.“*



## Þingskjal nr. 29

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Landsmótsnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

### 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna- unglinga og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram **há félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni.** Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð. **Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildir þá betri árangur.**

### 6.5 Val hrossa og keppenda á Landsmót – eftir breytingar

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna-, unglinga og ungmennakeppni á Landsmótum skal fara fram **á 6 úrtökumótum víðsvegar um landið, staðarval er úthlutað af stjórn LH. Úrtökumótin skulu fara eftir lögum og reglum Lh um gæðingakeppni og barna-, unglinga og ungmennakeppni.** Barni, unglingi og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni úrtöku sbr reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á Landsmót en ekki röðun úr úrslitakeppni sé hún viðhöfð.

### Greinargerð:

Úrtökumót skulu dreifast á þrjár helgar, eitt úrtökumót sunnan-/vestanlands og eitt norðan-/austanlands um hverja helgi. Æskilegt væri að eitt úrtökumót færi fram á landsmótssvæði. Fimm dómaraþör (10 dómara) og einn eftirlitsdómari skulu dæma úrtökunar og mun sami 22 manna dómaraþör dæma allar 6 úrtökunar. Mun þetta auðvelda mótshöldurum að halda kostnaði niðri. Úrtökumót skal vera ein umferð en öllum heimilt að fara á öll þau úrtökumót sem í gangi eru og þannig fá fleiri tækifæri til að keppa með sinn hest. Einnig hjálpar þetta þeim einstaklingum sem eru að vinna langt frá sínu heimafélagi og þurfa því eingöngu að fara á það úrtökumót sem næst er. Að auki er þetta til hagræðis fyrir þá knapa sem eru með hesta fyrir fleiri en eitt félag. Einnig getur þetta fyrirkomulag komið í veg fyrir árekstra milli úrtökumóta og yfirlitssýninga kynbótahrossa. Þess þá heldur fáum við dómara í betri æfingu og meira samræmi á dómgæslu.



## Þingskjal nr. 30

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

Að kafla 6.5.1 verði bætt við *Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH*:

Í A-flokki og B-flokki gæðinga á Landsmótum skal vera 1 keppandi frá hverju aðildarfélagi LH þ.e. efsta einkunn í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi. Heildarfjöldi keppenda í hverjum flokki skal ákvarðast af stjórn LH og mun einkunnarröð ráða hverjir komast inn. Einkunnir til keppnisréttar á Landsmóti eru einungis fengnar á úrtökumótum.

### Greinargerð:

Með þessu má auka gæðin á hrossum á Landsmóti, því alltaf eru einhver hross sem sitja heima sem eiga góða möguleika með að ná góðum árangri á Landsmóti.



## Þingskjal nr. 31

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd og landsmótsnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

#### Kafli 7.8.1

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrjú til fimm hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara. Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda. **Úrslitakeppnin skal fara fram a.m.k. degi síðar en forkeppnin og milliriðillinn.** Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

#### Kafli 7.8.1 – eftir breytingu

Forkeppni fer þannig fram í öllum flokkum að þrjú til fimm hestar eru í dómi á hringvellinum í einu. Áður en forkeppni hefst skal minnst 3 til 4 hestum, utan keppni, riðið fyrir dóm, til samræmingar fyrir dómara. Að forkeppni lokinni skulu að lágmarki 30 efstu hestar halda áfram í milliriðil. Þó aldrei fleiri en helmingur heildarþátttakenda. Dregið skal um röð keppenda. **Einn dagur skal vera á milli sérstakrar forkeppni og milliriðla í gæðingakeppni Landsmóta. Einnig skal vera einn dagur milli milliriðla og úrslita.** Framkvæmdanefnd dregur um um röð keppenda.

### Greinargerð:

Mikið álag er á þeim hestum sem keppa í gæðingakeppni á Landsmóti og hafa ber velferð hestsins í huga við dagskrárgerð landsmóta.





## Þingskjal nr. 32

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi tillögu til lagabreytingar:

#### Kafli 4.2 Styrkleikaskipting opins flokks

2. flokkur: Hugsaður fyrir minna vant keppnisfólk. Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu. Hafi parið, knapi og hestur, unnið 2. flokk þrjú ár í röð, skal það færast upp í 1. flokk.

1. flokkur: Hámark 3 keppendur inni á vellinum í einu. Þegar parið hefur náð neðangreindum lágmarksárangri, er parinu heimilt að færast strax upp í meistaraflokk. Parinu er þó heimilt að keppa í 1. flokki þar til að neðangreindu lágmarki hefur verið náð þrisvar sinnum.

Meistaraflokkur: Fyrir þau pör sem náð hafa ákveðnum lágmarksárangri sem er:

- Tölt einkunn 6,5
- Tölt 2 einkunn 6,2
- Fjörgangur einkunn 6,2
- Fimmgangur einkunn 6,0
- Gæðingaskeið einkunn 6,5
- Fimi einkunn 6,0

Staðfesti parið ekki árangur sinn í tvö ár, fellur það aftur í 1. flokk. Rísi ágreiningur um flokkaskiptingu keppenda, hefur mótsstjórn úrskurðarvald. Keppendum í yngri flokkum er heimilt að keppa í næsta aldursflokki fyrir ofan sinn flokk, sé ekki boðið upp á viðkomandi keppnisgrein í þeirra flokki. Greinin telur þó ekki til stiga.

#### Kafli 4.2 Styrkleikaskipting opins flokks – eftir breytingar

Opinn flokkur skal skiptast í 4 styrkleikaflokka og ræður árangur því í hvaða styrkleikaflokki parið (knapi og hestur) skal keppa í. Allir byrja í lágsta styrkleikaflokki. Þegar keppnisparið hefur náð lágmarkseinkunn í styrkleikaflokki fyrir ofan sig skal parið færa sig upp um flokk á næsta móti. Heimilt er að fara upp um fleiri en einn styrkleikaflokk í einu. Keppnispari er heimilt að ná lágmarkseinkunn 3 sinnum, eftir það verður það að fara upp um styrkleikaflokk. Verði þar uppvíst að því að keppa í röngum styrkleikaflokki skal vísa parinu frá keppni á því móti.

#### Keppnisgrein – styrkleiki A – styrkleiki B – styrkleiki C – styrkleiki D

Tölt – 6,5 – 6,0 – 5,5 – 0,0

Slaktaumatölt – 6,2 – 5,8 – 5,3 – 0,0

Fjörgangur – 6,5 – 6,0 – 5,5 – 0,0

Fimmgangur – 6,0 – 5,5 – 5,0 – 0,0

Gæðingaskeið – 6,5 – 6,0 – 5,5 – 0,0

Fimi – 6,0 – 5,5 – 5,0 – 0,0

#### Greinargerð:

Hættum að flokka keppendur eftir áhuga á hestum, öll höfum við áhuga. Á síðasta þingi var samþykkt tillaga um breytingu á flokkaskiptingunni, látum verða af henni nú og tökum árangurstengda flokkaskiptingu strax í gagnid.



## Þingskjal nr. 33

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: frávísunartillaga samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til stjórnar LH og keppnisnefndar LH að taka ákvörðun um það hvort eyða eigi fjármagni í að laga mótaforritið Kappa að árangurstengdu flokkakerfi og auka styrkleikaflokka í kerfinu ásamt því að bæta við þeim flokkum sem eru til í keppniskerfi FEIF. Ellegar leggja Kappa til hliðar og taka upp tölvukerfi sem notað er í öðrum FEIF löndum og er með alla þessa flokka innanborðs.

### Greinargerð:

Það er löngu tímabært að gera eitthvað róttækt í flokkaskiptingu hér á Íslandi. Það auðveldar kaupendum erlendis að velja sér hest við hæfi þegar öll lönd nota sömu flokkaskiptingu því þannig vitum við hvernig hestur er að standa sig í keppni alveg sama í hvaða landi hann er.



## Þingskjal nr. 34

Flytjandi: Hestamannafélagið Geysir  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir því til stjórnar LH að hún beiti sér fyrir því að koma á mun skýrari reglum gagnvart kostnaði á mótahaldi.

### Greinargerð:

Mótahald verður að skila mótshöldurum einhverju fjármagni fyrir alla þá sjálfboðavinnu sem þeir vinna tímunum saman til að halda hvert mót. Mótahald í dag skilar nánast engu til mótshaldara eða til uppbyggingar og viðhalds á mótstöðum vegna margra óvissupátta í kostnaði sem eru til að mynda fæði, gisti- og ferðakostnaður dómara.

Hestamannafélögin sækja um dómara til dómarafélaganna fyrir sín mót og ráða félögin litlu um það hvaðan sá dómari kemur og ætti LH að beita sér fyrir því að sett verði á einhvers konar daggjald sem öll hestamannafélögin greiða til dómarafélaganna sem ætti að duga fyrir ferða-, gisti-, og fæðiskostnaði. Með þessu móti væri verið að jafna stöðu hestamannafélaganna til að halda mót hvar sem þau eru á landinu og myndu dómarafélögin sjá um að greiða dómurum þennan kostnað hvort sem það er fæðis-, bensín-,flug- eða gistikostnaður.

Það er ákaflega slæmt fyrir hestamannafélög sem eru að halda mót og þurfa að sækja dómara langt að og þurfa að standa undir tilheyrandi kostnaði en með því að greiða fast gjald til dómarafélaganna fyrir hvern dag sem dómari er að störfum einfaldar það mótahald fyrir félögin því þá er vitað strax í upphafi hver kostnaðurinn verður.



## Þingskjal nr. 35

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

#### **Kafli 2.7.4.4 Dæmt úr leik og agareglur – þessu ákvæði verði bætt inni greinina**

Ef knapi gerist sekur um að gera oftari en tvisvar sinnum viljandi ógilt (t.d. með því að hætta keppni með því að stíga af baki inn á vellinum eða ríða út af áður en keppni/úrslitum er lokið eða ekki mæta í fótaskoðun) á sama mótinu skal sá hinn sami fá brottvísun af mótinu og allur árangur af því móti strikaður út.

### **Greinargerð:**

Það hefur aukist mikið meðal knapa að gera *viljandi* ógilt með því að hætta í miðri keppni eða mæta ekki í fótaskoðun eftir að þeir hafa verið á vellinum ef ekki næst það sem þeim finnst viðunandi árangur. Þetta truflar aðra ef t.d. eru fleiri en 1 knapi inn á vellinum í einu.



## Þingskjal nr. 36

Flytjandi: Hestaíþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

#### **Kafli 2.8.4 Skipun dómara á mót**

Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til Dómaranefndar LH sem vinnur málið í samstarfi við HÍDÍ/GDLH til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara fyrir 1.apríl ár hvert. Bera dómaranefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómaranefnd og félögum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómaranefndar eftir reglum þar um.

#### **Kafli 2.8.4 Skipun dómara á mót – eftir breytingu**

Mótshaldarar verða að sækja um dómara til dómarafélaganna (HÍDÍ/GDLH) að lágmarki 4 vikum fyrir mót til að mótin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Dómarafélögin bera ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómarafélögum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaga.

### **Greinargerð:**

Af hverju að skorða við 1.apríl. Mótshaldarar eiga geta ákveðið með t.d. 4 vikna fyrirvara að slá upp löglegu móti hvenær sem er ársins.



## Þingskjal nr. 37

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

#### **Kafli 2.8.10.2 Dómarar**

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómaraþéttindin, allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. **Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til mótshaldara og dómaranefndar LH.**

#### **Kafli 2.8.10.2 Dómarar – eftir breytingu**

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómaraþéttindin, allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. **Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómarafélagsins HÍDÍ/GDLH eftir því hvort á við.**

### **Greinargerð:**

Stangast á við reglu 2.8.4 þar sem segir að eingöngu skuli láta dómaranefnd LH vita af forföllum. Einfeldara að hafa það beint við viðkomandi dómarafélag sem sér strax um að útvega nýjan dómara.



## **Þingskjal nr. 38**

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### **Tillaga:**

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, mælist til þess að eftirfarandi verði endurskoðað:

### **Kafli 4 Reglugerð um flokkaskiptingu og keppnisgreinar í aldursflokkum**

#### **Greinargerð:**

Greina þarf betur hvaða FIPO flokkar eru gjaldgengir í hvaða aldursflokki.

Einnig þarf að endurskoða styrkleikaskiptingu í fullorðinsflokki (opnum flokki) og hvaða FIPO-flokkar eru í boði fyrir hvern styrkleikaflokk .



## Þingskjal nr. 39

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: vísa til keppnisnefndar LH – samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

#### Kafli 8.3.3 Dómarar

Allar greinar skulu vera dæmdar af að minnsta kosti þremur viðurkenndum dómurum.

#### Kafli 8.3.3 Dómarar – eftir breytingar

Allar greinar skulu vera dæmdar af að minnsta kosti þremur viðurkenndum dómurum **að undanskildu gæðingaskeiði þar sem þurfa að vera að minnsta kosti sex viðurkenndir dómarar.**

### Greinargerð:

Samkvæmt reglum FIPO (8.7.8.4, bls.81) um gæðingaskeið þARF a.m.k. 6 dómara.





## Þingskjal nr. 40

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að settar verði reglur um eftirfarandi:

### Kafli 8.3.3 Dómarar

Setja þarf reglur um fjölda dómara miðað við fjölda skráninga á WR mótum.

### Greinargerð:

Það er í hag keppenda að hafa ferska og einbeitta dómara að störfum allan tímann. Til dæmis ef mót er yfir 300 skráningar þá þarf að lágmarki 7 dómara.



## Þingskjal nr. 41

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands

Lagt fyrir: Keppnisnefnd

Niðurstaða þingsins: nefndin leggur til að vísa tillögunni frá – samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, samþykkir eftirfarandi lagabreytingu:

#### Kafli 8.3.7 Rásröð

Rásröð er dregin út. Hestar skráðir eftir að rásröð hefur verið ákveðin þurfa að hefja keppni á undan útdreginni rásröð. Skylt er að halda rásröðinni, allar breytingar, jafnvel með samþykki allra hlutaðeigandi, eru bannaðar.

#### Kafli 8.3.7 Rásröð – eftir breytingar

Rásröð er dregin út. Hestar skráðir eftir að rásröð hefur verið ákveðin þurfa að hefja keppni á undan útdreginni rásröð. **Ekki má bæta við skráningu í keppnisgrein eftir að keppni í grein er hafin.** Skylt er að halda rásröðinni, allar breytingar, jafnvel með samþykki allra hlutaðeindi, eru bannaðar.



## Þingskjal nr. 42

Flytjandi: Hestaþróttadómarafélag Íslands  
Lagt fyrir: Keppnisnefnd & landsmótsnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, beinir eftirfarandi til stjórnar og keppnisnefndar LH:

### Varðandi keppnisrétt keppenda í tölti á Landsmóti

Lagt er til að sett verði sú regla að árangur verði að nást úr T1.

### Greinargerð:

Þar sem er keppt er í T1 á landsmóti (einn keppandi inni á vellinum í einu) er réttast að árangur náist í T1 á sama ári og landsmót er haldið.



## Þingskjal nr. 43

Flytjandi: Æskulýðsnefnd LH  
Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: fellt

### Tillaga:

58. Landsþing hestamannafélaga haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 samþykkir breytingar á grein nr. 7.7.4.2. í reglum um gæðingakeppni, þar sem segir:

*„Riðnir skulu tveir hringir og sýnt fet, tölt og/eða brokk og stökk. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.“*

Orðið **stökk** fellur út og í staðinn verður sýnt brokk og tölt. Eftir breytingu hljóði hún svo:

*„Riðnir skulu tveir og hálfur hringur og sýnt tölt og brokk og fet. Einkunn fyrir betri gangtegundina skal notuð.“*

Sama breyting skal gerð á grein 7.7.6.2. Þar fellur stökk út.

### 7.7.6.2 Úrslitakeppni – barnaflokkur:

Tölt og/eða brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Sýni barn bæði brokk og tölt er einkunn fyrir betri gangtegundina notuð.

Stökk skal sýna tvo spretti, einn í einu, með hraðamun og mjúkri niðurrægingu.

Keppendur safnist saman á skammhlið og komi sér saman um, í samráði við stjórnanda, í hvora áttina ríða skal.

Verður:

### 7.7.6.2 Úrslitakeppni – barnaflokkur:

Tölt og brokk skal sýna minnst tvo hringi til hvorrar handar. Öll atriðin skulu dæmd og gefin einkunn. Eftir hverja gangtegund er gefin einkunn fyrir hvern keppanda og í lokin fyrir stjórnun og ásetu.

### Greinargerð:

Ljóst er að aukin hætta er í keppni í barnaflokki þegar kemur að stökki því hestakostur barnanna verður sífellt betri og öflugri. Betri hestakostur er það sem allir keppendur vilja en það er ekki en með því að hann verði einnig öflugri skapast sú hætta að börnin sem eru miskeppnisvön valdi ekki hestunum eins og glögglega mátti sjá á Landsmót í Reykjavík í sumar. Vissulega munu einhverjir knapar ekki geta komið með hross sín þar sem sýna þarf bæði brokk og tölt en er hestur sem ekki hefur bæði brokk og tölt, gæðingur?

Áður hefur þessi tillaga verið lögð fram en verið felld og þeim tilmælum beint til foreldra og forráðamanna barnanna að gæta að því að þau hafi hestana í hendi. Ekkert hefur breyst í þeim efnum og heldur hafa óhöppin aukist en hitt síðan þessi tillaga leit dagsins ljós. Viljum við bíða eftir alvarlegum slysum?



## Þingskjal nr. 44

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd & keppnisnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing hestamannafélaga haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 samþykkir breytingar á grein nr. 8.3.2.1 í lögum og reglum LH þar sem segir:

#### 8.3.2.1 Innanhússmót

Um innanhússmót gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum:

- Reglur um vallarstærð gilda ekki innanhúss.
- Þegar riðið er inn á völl innanhúss má leyfa að riðin sé lengri leið áður en keppni hefst eftir því sem aðstæður leyfa eða gefa tilefni til.
- Einkunnir úr innanhússmótum skulu birtast í SportFeng og WorldFeng þannig að skýrt sé að um innanhússmót hafi verið að ræða.
- Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss og skulu ekki birtast á stöðulistum SportFengs. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku á Landsmóti, til þátttöku á Íslandsmóti né til þátttöku í meistaraflokki.

### Greinargerð:

Vandamál/vafaatriði þessu tengd sem eðlilegt er að rædd séu á LH þingi:

1. Eiga innanhússmót að teljast lögleg mót óháð vallarstærð? En vallargerð, eiga t.d. ísmót að vera lögleg ef þau eru innanhúss en ólögleg utanhúss?
2. Á reglugerð um innanhússmót ekki að gilda líka um gæðingakeppni innanhúss? Til þess þyrfti að færa reglugerðina úr kafla 8.3, hún gæti t.d. átt ágætlega heima í kafla 3, Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar.
3. Viljum við að einkunnir úr innanhússmótum birtist í SportFeng og WorldFeng eða kannski eingöngu í SportFeng og þá að sjálfsögðu sérmerktar.



## Þingskjal nr. 44

Flytjandi: Stjórn LH  
Lagt fyrir: Allsherjarnefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing hestamannafélaga haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 samþykkir breytingar á grein nr. 8.3.2.1 í lögum og reglum LH þannig að hún hljóði eftir breytingar:

#### 8.3.2.1 Innanhússmót

Um innanhússmót gilda sömu reglur og utanhúss með eftirfarandi undantekningum:

- Reglur um vallarstærð gilda ekki innanhúss.
- Þegar riðið er inn á völl innanhúss má leyfa að riðin sé lengri leið áður en keppni hefst eftir því sem aðstæður leyfa eða gefa tilefni til.
- Einkunnir úr innanhússmótum skulu birtast í SportFeng og WorldFeng þannig að skýrt sé að um innanhússmót hafi verið að ræða.
- Einkunnir úr innanhússmótum gilda ekki sem árangur til keppni utanhúss og skulu ekki birtast á stöðulistum SportFengs. Þær gilda því ekki sem lágmarkseinkunn til þátttöku á Landsmóti, til þátttöku á Íslandsmóti né til þátttöku í meistaraflokki.

### Greinargerð:

Vandamál/vafaatriði þessu tengd sem eðlilegt er að rædd séu á LH þingi:

4. Eiga innanhússmót að teljast lögleg mót óháð vallarstærð? En vallargerð, eiga t.d. ísmót að vera lögleg ef þau eru innanhúss en ólögleg utanhúss?
5. Á reglugerð um innanhússmót ekki að gilda líka um gæðingakeppni innanhúss? Til þess þyrfti að færa reglugerðina úr kafla 8.3, hún gæti t.d. átt ágætlega heima í kafla 3, Almenn ákvæði fyrir gæðingakeppni, íþróttakeppni og kappreiðar.
6. Viljum við að einkunnir úr innanhússmótum birtist í SportFeng og WorldFeng eða kannski eingöngu í SportFeng og þá að sjálfsögðu sérmerktar.



## Þingskjal nr. 45

Flytjandi: Samgöngunefnd LH  
Lagt fyrir: Ferða- og samgöngunefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Tillaga:

58. Landsþing hestamannafélaga haldið í Reykjavík 19. og 20. október beinir því til stjórnar LH að gera hestamannafélögum og reiðveganefndum kleift að sækja um reiðvegafé á heimasíðu LH.

### Greinargerð:

Samgöngunefnd LH telur orðið nauðsynlegt að koma á samræmdu formi umsókna um reiðvegafé en allur gangur hefur verið á því hvernig umsóknir hafa verið frágengnar og hvernig þær hafa borist Samgöngunefnd.



## Þingskjal nr. 46

Flytjandi: Samgöngunefnd LH  
Lagt fyrir: Ferða- og samgöngunefnd  
Niðurstaða þingsins: samþykkt

### Ályktun

58. Landsþing hestamannafélaga haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012, hvetur hestamenn um land allt að hafa umferðar- og umgengisreglur Samgöngunefndar LH að leiðarljósi á ferðum sínum um landið.

### Umgengisreglur hestamanna:

#### Sleppitúrar og ferðalög.

- Almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt.
- Á ferð um landið sýnum við landeiganda og öðrum réttihöfum lands fulla tillitssemi, virðum hagsmuni þeirra, m.a. vegna búpenings og ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu, fylgjum leiðbeiningum þeirra og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið.
- Ferðumst eftir merktum og skilgreindum leiðum, stígum og vegum eftir því sem auðið er, virðum girðingar, förum um hlið og gætum þess að loka þeim á eftir okkur. Sérstök gát skal höfð í nánd við búsmala, varplönd fugla, selalátur, veiðisvæði og veiðistaði.
- Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðleiðum, stígum, eins og kostur er. Á ferð um hálendið og önnur lítt gróin svæði skal flytja með sér eða kaupa fóður handa hrossum í náttstað. Gæta skal að því að flytja ekki hey á milli sauðfjárveikivarnarhólfa.
- Í þjóðgörðum og á öðrum friðlýstum svæðum skal haft fullt samráð við þjóðgarðs-, og landverði eða umsjónarmann svæðisins um tilhögun ferðar og hlíta þeim reglum sem gilda um þau svæði.
- Ábyrgur rekstrarstjóri skal fara fyrir hópi reiðmanna með lausa hesta.
- Sýnum tillitssemi og varúð, lög um náttúruvernd eru lög í þágu hestamanna og landsins.

### Umferðarreglur fyrir hestamenn:

#### Í þéttbýli.

- Hestamenn víkja til hægri á reiðleiðum.
- Hestar sem eru teymdir skulu ávallt vera hægra megin og ekki fleiri en tveir ( þrír til reiðar ).
- Reiðhjálmar eru sjálfsögð öryggistæki.
- Endurskinsmerki í skammdegi veita hestum og mönnum aukið öryggi.
- Lausir hundar eru ekki leyfilegir á reiðleiðum og í hesthúsaferfum.
- Áfengi og útreiðar fara ekki saman.
- Sýnum tillitsemi, ríðum ekki hratt á móti eða aftan undir aðra reiðmenn.
- Fari margir hestamenn saman í hóp skal ríða í einfaldri röð ef umferð er á móti.





- 
- Ríðum á reiðvegum og slóðum þar sem því verður viðkomið.
  - Teymum hesta, rekstrar eru bannaðir í þéttbýli.

**Greinargerð:**

Tímabært er að hestamenn móti sér reglur um ferðir sínar um landið, umferðarreglur fyrir þéttbýl svæði hafa birst áður, í Reiðvegahandbók LH og Vegagerðarinnar frá árinu 2006. Betra er fyrir hestamenn að móta sér þessar reglur sjálfir og hafa þá um þær að segja áður en t.d. löggjafinn fer að setja hestamönnum reglur sem heft gæti aðgengi að ákveðnum svæðum. Æskilegt er að umgengis- og umferðareglur séu hestamönnum ávallt vel sýnilegar, t.d. á heimasíðum hestamannafélaga, í skálum þar sem hestamenn venja komur sínar og e.t.v. víðar.



## Ályktun frá Landsmótsnefnd

Niðurstaða þingsins: samþykkt

Landsþing hestamanna, haldið í Reykjavík 19. og 20. október 2012 beinir því til stjórnvalda að koma til móts við rekstaraðila landsmóts hestamanna með því að taka þátt í að bæta það fjárhagslega tjón sem varð þegar fresta varð landsmóti sumarið 2010 vegna hestapestar sem gekk þá yfir landið.

### Greinargerð

Ekki þarf að fjölyrða um að vorið 2010 geisaði hestapest á Íslandi. Afleiðingar þessa urðu þær meðal annars að fresta þurfti landsmóti hestamanna sem átti að halda í Skagafirði þá um sumarið. Þegar ákvörðun var tekin um að fella mótið niður, m.a. með aðkomu stjórnvalda, rétt áður en það átti að hefjast, var fallinn til mikill kostnaður á rekstaraðila mótsins, eða um 30 milljónir króna, en tekjur urðu að engu. Vegna þessa er rekstur landsmóta hestamanna í uppnámi en eins og alkunna er skipta mótin gríðarlegu máli fyrir kynningu og markaðssetningu íslenska hestsins og þ.m.t. Ísland. Má í því sambandi nefna að þessi mót sækja erlendir gestir þúsundum saman. Því skiptir verulegu máli jafnt fyrir hestaþróttina sem og ræktendur og aðra sem hafa hagsmuna að gæta að rekstrargrundvellingnum sé ekki kippt undan þessum viðburði. Skaðinn af því að landsmót hestamanna falli í framtíðinni niður vegna þessa yrði óbætanlegur. Má það ekki gerast og benda má á að þekkt er að stjórnvöld komi myndarlega að afleiðingum hamfara sem þessara, s.s. eftir eldgosíð í Eyjafjallajökli sem varð á sama tíma og hestapestin. Ekki er nú efast um gagnsemi þeirrar aðstoðar.



## Áskorun frá æskulýðsnefnd

Niðurstaða þingsins: samþykkt

Æskulýðsnefnd á LH þingi 2012 telur að brýn nauðsyn sé að breyta umgjörðinni um barnaflokk til að auka öryggi knapa á keppnisvellið. Nefndin vill hvetja dómara, stjórnendur móta og hestamannafélögin til að stýra keppni í barnaflokki þannig að tekið sé tillit til útfærslu sýningar frekar en að það sé hraðinn sem gildir. Við beinum því til stjórnar LH að hún feli keppnisnefnd að taka keppni í barnaflokki til algjörRAR endurskoðunar. Til dæmis að stökk verði tekið úr úrslitum og í sérstakri forkeppni.